

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ferðakostnað og dagpeninga ráðherra og ráðuneytisstjóra.

1. Hver var frá árinu 2006 árlegur fjöldi ferða ráðherra annars vegar og hins vegar ráðuneytisstjóra til útlanda vegna starfa á vegum ráðuneytisins?

Fjöldi ferða á ári		
Ár	Ráðherra	Ráðuneytisstjóri
2006	16	12
2007	20	15
2008	21	15
2009	11	0
2010	17	16
2011	22	9
2012	18	11
2013	16	11
2014	25	9
2015	23	16
2016	19	14
2017	26	14

2. Hve háar voru árlegar greiðslur dagpeninga hvors um sig vegna þessara ferða?

Fjallað er um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins í reglum fjármála-ráðuneytisins nr. 1/2009. Þar kemur fram að ráðherrum og forseta Hæstaréttar skuli greiddir $\frac{2}{3}$ hlutar dagpeninga, en $\frac{1}{3}$ hluti dagpeninga ef um opinbera heimsókn er að ræða. Auk þess skal þeim greiddur ferða- og gistikostnaður, risnukostnaður og símtöl. Í eldri reglum um greiðslu ferðakostnaðar, nr. 39/1992, kom fram að ráðherrum og forseta Hæstaréttar skyldu greiddir fullir dagpeningar. Auk þess skyldi greiða ferða- og gistikostnað, risnukostnað og símtöl. Samkvæmt sömu reglum skyldi ráðuneytisstjórum, auk fleiri sem sérregla gilti um, greiddir $\frac{4}{5}$ hlutar fullra dagpeninga, auk ferða-, gisti- og símakostnaðar. Með breytingunni árið 2009 lækkaði fjárhæð dagpeninga vegna ferða ráðherra sem endurspeglar m.a. þann kostnað sem óhjákvæmilega fellur til vegna ferðalaga og dagpeningagreiðslum er ætlað að standa undir. Að sama skapi var sérregla ráðuneytisstjóra og fleiri afnumin.

Eftirfarandi tafla sýnir hve háar árlegar greiðslur dagpeninga ráðherra annars vegar og hins vegar ráðuneytisstjóra voru frá árinu 2006.

Dagpeningar á ári í kr.		
Ár	Ráðherra	Ráðuneytisstjóri
2006	1.899.302	773.292
2007	1.746.101	1.006.563
2008	3.382.801	1.501.086
2009	1.373.676	0
2010	1.598.542	1.515.863
2011	1.876.414	1.212.759
2012	1.507.973	1.692.432
2013	1.712.876	1.318.614
2014	3.006.415	1.516.490
2015	3.174.587	1.887.824
2016	2.024.534	1.158.740
2017	1.647.840	1.158.740

3. Hversu oft á hverju ári fengu ráðherra og ráðuneytisstjóri $\frac{1}{3}$ hluta dagpeninga og hve oft $\frac{2}{3}$ hluta?

Reglur nr. 1/2009, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, tóku gildi 6. mars 2009. Samkvæmt 9. gr. reglnanna gildir reglan um greiðslu á $\frac{1}{3}$ hluta og $\frac{2}{3}$ hlutum dagpeninga einungis vegna ferða ráðherra og forseta Hæstaréttar. Eftirfarandi tafla sýnir hversu oft, á ári hverju, ráðherra fékk $\frac{1}{3}$ hluta dagpeninga greidda og hve oft $\frac{2}{3}$ hluta. Árið 2017 var ein ferð tvískipt, þ.e. hluti af ferðinni var opinber heimsókn ($\frac{1}{3}$ hluti dagpeninga greiddur) en annar hluti vinnuferð ($\frac{2}{3}$ hlutar dagpeninga greiddir).

Ár	Fjöldi ferða ráðherra á ári	
	$\frac{2}{3}$ dagpen.	$\frac{1}{3}$ dagpen.
Ár	Á ekki við	Á ekki við
2006	Á ekki við	Á ekki við
2007	Á ekki við	Á ekki við
2009	10	0
2010	15	2
2011	22	0
2012	18	0
2013	14	3
2014	24	0
2015	23	0
2016	19	0
2017	24	3

4. Hverjar voru árlegar fjárhæðir, skipt á ráðherra og ráðuneytisstjóra, vegna hótलगistingar þeirra annars vegar og hins vegar annars ferðakostnaðar?

Eins og fram kemur í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar var reglum um greiðslu ferðakostnaðar breytt árið 2009 og nú greiða ráðuneytisstjórar gistikostnað af dagpeningum eða fá greidda dagpeninga að frádregnum gistihluta.

Eftirfarandi tafla sýnir árlegar fjárhæðir, skipt á ráðherra og ráðuneytisstjóra, vegna hóteldgistingar þeirra annars vegar og hins vegar ferðakostnaðar frá árinu 2006.

Ár	Hótelgisting á ári í kr.		Annar ferðakostnaður á ári í kr.	
	Ráðherra	Ráðuneytisstjóri	Ráðherra	Ráðuneytisstjóri
2006	1.677.900	307.494	269.437	136.536
2007	1.045.622	729.719	406.605	69.839
2008	2.330.002	960.328	219.169	181.248
2009	996.383	0	353.152	0
2010	1.483.342	947.696	11.774	228.227
2011	1.632.054	635.430	47.900	0
2012	905.681	570.716	0	0
2013	1.802.346	506.071	110.072	55.110
2014	2.832.923	479.600	610.189	18.225
2015	3.695.918	524.400	0	3.300
2016	2.251.737	605.193	135.991	0
2017	1.518.231	701.340	15.598	0

5. *Í hversu mörgum tilfellum hvert þessara ára var ráðherra eða ráðuneytisstjóra ekið út á flugvöll í bifreiðum ráðuneytisins og í hve mörgum tilfellum endurgreiddu þeir þann hluta dagpeninga sem ætlaður er til að standa undir þeim hluta ferðakostnaðarins?*

Ráðherra er jafnan ekið á flugvöll í ráðherrabifreið í samræmi við reglur um notkun ráðherrabifreiða. Skv. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 1281/2014, um bifreiðamál ríkisins, skal ríkið leggja ráðherrum ríkisstjórnarinnar til bifreið til afnota vegna starfa sinna. Ráðuneytisstjóra hefur síðari ár einungis í undantekningartilvikum verið ekið á flugvöll í bifreiðum ráðuneytisins en ekki hafa verið skráðar sérstakar upplýsingar um þau tilvik í ráðuneytinu og því ekki hægt að svara fyrir um fjölda þeirra.

6. *Hversu oft og hve háar voru árlegar endurgreiðslur ráðherra og ráðuneytisstjóra vegna styrkja og hvers konar hlunninda sem þeir nutu erlendis og eiga samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar að koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum?*

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 1/2009 skulu styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem ríkisstarfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Á ferðalögum ráðherra og/eða ráðuneytisstjóra ber við að gestgjafi eða sá aðili sem hýsir fund þjóði veitingar eða standi fyrir kurteisisviðburði sem hæfir tilefninu. Hefð hefur ekki skapast fyrir því að leggja sérstakt mat á umfangið þannig að það hafi leitt til frádráttar frá almennum dagpeningagreiðslum.